

Matvælaráðuneytið

Sent í Samráðsgátt
Reykjavík, 8. febrúar 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 93/1994, um matvæli og lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (lífræn framleiðsla), mál nr. 18/2022

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 25. janúar 2022, þar sem birt voru drög að frumvarpi til laga um um breytingu á lögum nr. 93/1994, um matvæli og lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (lífræn framleiðsla), til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara, mál nr. 18/2022. Lagt er til að núgildandi lög um lífræna landbúnaðarframleiðslu nr. 162/1994, verði felld brott í heild og ákvæði er varða lífræna framleiðslu verði felld inn í matvæla- og fóðurlöggjöfina ásamt efnisbreytingum sem nauðsynlegar eru til innleiðingar á framangreindri reglugerð. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins og gera eftirfarandi athugasemdir.

Bændasamtökin styðja markmið frumvarpsins um einföldun regluverks í lífrænni framleiðslu. Hins vegar telja samtökin að aðlögunartími hafi verið of skammur og að skortur hafi verið á samráði sem og kynningu á áhrifum frumvarpsins gagnvart bændum. Við undirbúning frumvarpsins var haft samráð við Matvælastofnun og vottunarstofuna Tún. Í ljósi áhrifa frumvarpsins á rekstraraðila í lífrænni framleiðslu hefði verið rétt að hafa samráð við samtök bænda og fulltrúa þeirra en ekki eingöngu eftirlits- og vottunaraðila.

Ljóst er að frumvarpið og innleiðing reglugerðar (ESB) 2018/858 (hér eftir „reglugerðin“) mun hafa í för með sér áhrif á rekstraraðila í lífrænni landbúnaðarframleiðslu vegna breytinga sem gera þarf á aðbúnaði og húsakynnum. Slíkar breytingar og aðlögun að auknum kröfum sem gerðar eru til lífrænnar framleiðslu eru kostnaðarsamar. Þá krefst það einnig sanngjarns frests til aðlögunar en líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var gildistöku reglugerðarinnar innan ESB frestað frá 2018 til 1. janúar 2022. Var gildistökkunni frestað í þeim tilgangi að bændur fengju svigrúm til aðlögunar í sínum rekstri.


Samkvæmt almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu er ástæða þess að frumvarpið er birt í Samráðsgátt áður en gerðin var tekin upp hjá sameiginlegu EES-nefndinni er til að sporna gegn röskun á opinberu eftirliti og inn- og útflutningshagsmunum vegna gildistöku hennar innan ESB. Ekki hefur farið fram greining á þeim hagsmunum en leiða má að því líkum að fyrst og fremst muni halla á lífræna innlenda framleiðslu sem seld er á innanlandsmarkaði gagnvart innfluttum lífrænt vottuðum vörum frá ESB.


Bændasamtökin telja því að veita þurfi tveggja ára frest til aðlögunar, bæði hvað varðar frumvarpið sem nú er til umsagnar og þegar kemur að innleiðingu reglugerðarinnar. Ekki sé

enn búið að tryggja til lengri tíma fast niðurgreiðsluhlutfall á raforkuverði til ylræktar né hefur verið mótuð heildstæð, tímasett aðgerðaráætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu. Þá er óskað er eftir því að haft verði samráð við samtökin þegar líður að innleiðingu reglugerðarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands


Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri.


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir, lögfr.